

## Vaxtaþrep 30 daga

### Stofnun reiknings

Reikningurinn er stofnaður í [útibúi Íslandsbanka](#), á [vef Íslandsbanka](#), í [netbanka Íslandsbanka](#) eða [appi](#).

Bæði einstaklingar og lögaðilar geta stofnað Vaxtaþrep 30. Lögráðamenn geta stofnað reikninginn fyrir hönd ólögráða.

### Inn- og útborganir

Reikningurinn er ávallt opin fyrir innborgunum og ekkert lágmark er á þeim.

### Binditími

Innstæða á reikningnum er ávallt bundin þangað til beiðni um úttekt hefur farið fram en millifærslan framkvæmist 31 degi síðar. Binditími er því að lágmarki 31 dagur.

### Útborganir

Beiðni um úttekt fer fram með millifærslu í netbanka Íslandsbanka og framkvæmist millifærslan 31 degi síðar. Útborganir af reikningnum geta aðeins farið fram með millifærslu á annan reikning í eigu reikningseiganda hjá Íslandsbanka.

### Vaxtatímabil og ráðstöfun vaxta

Um leið og reikningur er stofnaður er valinn ráðstöfunarreikningur sem tekur á móti vöxtum af Vaxtaþrepi 30 daga sem eru lausir til útborgunar í upphafi hvers mánaðar. Ráðstöfunarreikningurinn getur ekki verið sá sami og Vaxtaþrep 30 reikningurinn sjálfur.

Vaxtatímabilið er frá fyrsta til síðasta dags hvers mánaðar. Vextir eru færðir á ráðstöfunarreikning um hver mánaðarmót

### Þóknanir og skattar

Bankinn innheimtir engin þjónustugjöld, innlausnargjöld eða þóknanir. Fjármagnstekjuskattur dregst frá vaxtagreiðslum hverju sinni.

### Kjör og skilmálar

Reikningurinn er óverðtryggður innlánsreikningur með þrepaskiptum, breytilegum vöxtum. Skilmálar þessir og kjör reikningsins eru háð ákvörðun bankans hverju sinni. Upplýsingar um kjör reikningsins er að finna í [vaxtatöflu bankans](#). Að öðru leyti gilda almennir [skilmálar innlánsreikninga](#).

### Annað

Um stofnun reiknings og meðferð gilda m.a. auk framanritaðs lög og reglur um aðgerðir gegn peningþvætti, lögræðislög og önnur ákvæði laga um meðferð fjármuna lögaðila eins og við á hverju sinni.